

Fundargerðir Skólaráðs Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2019 - 2020

1. fundur - september 2019

Mættir: Elmar, Sólrún, Anton, Ronja, Guðmunda, Sigríður Lára, Katrín Rós, Berglind J., Birna og Sigurbjörg.

- Nýir fulltrúar boðnir velkomnir.
- Farið yfir hlutverk skólaráðs og starfsáætlun skólaráðs kynnt
- Starfsáætlanir Skýjaborgar og Heiðarskóla kynntar
- Farið yfir skólareglur.
- Upphaf skólaársins rætt.
- Árs-og sjálfsmatsskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2019 lögð fram.

2. fundur – nóvember féll niður

Umræður skólastjórnar um að fækka fundum skólaráðs og sameina fund 1 og 2 samkvæmt starfsáætlun – ákveðið að taka það fyrir í skólaráði á næsta fundi.

3. fundur – apríl féll niður

Átti að vera í mars en sökum samkomubanns vegna Covid-19 var ekki hægt að funda í raunheimum. Eitt mál þurfti þó að taka fyrir í samkomubanni; skóladagatöl Skýjaborgar og Heiðarskóla. Var það gert í tölvupósti í byrjun apríl. Fulltrúar skólaráðs samþykktu drög að skóladagatölum í tölvupósti. Ákveðið að fresta öðrum málum til 4. fundar.

4. fundur 28. maí kl. 8:20.

Mættir: Anton, Ronja, Sigurbjörg, Guðmunda, Sólrún, Katrín Rós, Sigríður Lára og Sigurður. Berglind J. boðaði forföll. Þar fyrir utan vantaði á fundinn Birnu og Elmar.

- Tillaga að breytingu um að sameina fund 1 og 2 í starfsáætlun skólaráðs. Tillagan rædd og samþykkt.
- Rekstur Skýjaborgar 2019: Kynning
- Rekstur Heiðarskóla 2019: Kynning
- Tillaga um breytt tímaskipulag skólaárið 2020-2021 í Heiðarskóla, fræðslunefnd hafði óskað eftir skriflegri bókun sem hér birtist: „Skólaráði Leik -og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar list vel á tillöguna og sér mörg góð tækifæri í henni. Skólaráð samþykkir tillöguna“. Berglind Jóhannesdóttir hafði áður list þeirri skoðun sinni að henni litist ljómandi vel á tillöguna.
- Stöðugildi leikskólans Skýjaborgar fyrir næsta skólaár kynnt.
- Stöðugildi Heiðarskóla fyrir næsta skólaár kynnt.
- Starfsáætlun Skýjaborgar verður lögð fram á haustfundi skólaráðs.
- Starfsáætlun Heiðarskóla verður lögð fram á haustfundi skólaráðs.

- Önnur mál: Framkvæmdaáætlanir Skýjaborgar og Heiðarskóla vegna umbótaáætlana í kjölfar ytra mats á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða sendar ráðuneytinu í byrjun júní.